



## Varmahlíðarskóli óskar eftir starfsmanni í mötuneyti, vegna tímabundinnar afleysingar

<b>Starfstími:</b>	1. ágúst 2021 til 31. júlí 2022.
<b>Starfsheiti:</b>	Matráður I.
<b>Starfshlutfall:</b>	70-80% starfshlutfall.
<b>Lýsing á starfinu:</b>	Í starfinu felst undirbúningur og framreiðsla á mat, frágangur og þrif.
<b>Hæfniskröfur:</b>	Reynsla af vinnu í mötuneyti eða sambærilegu starfi er kostur. Leitað er að einstaklingi sem hefur til að bera góða færni í mannlegum samskiptum, er með ríka þjónustulund og samstarfsvilja. Starfið felur í sér umgengni og samskipti við ólíka einstaklinga á öllum aldri. Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu, háttvísi, stundvísi og áreiðanleika í starfi. Hreint sakavottorð skv. lögum um grunnskóla. Viðkomandi þarf að hafa náð 20 ára aldri.
<b>Vinnutími:</b>	Dagvinna.
<b>Launakjör:</b>	Laun og önnur starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.
<b>Umsóknarfrestur:</b>	<b>Er til og með 3. júní 2021.</b>
<b>Nánari upplýsingar:</b>	Hanna Dóra Björnsdóttir, skólastjóri Varmahlíðarskóla, í síma 455-6023 eða <a href="mailto:hannadora@varmahlidarskoli.is">hannadora@varmahlidarskoli.is</a> .
<b>Umsóknir:</b>	Umsóknum er greina frá menntun og fyrri störfum skal skilað í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins eða í gegnum heimasíðu sveitarfélagsins, <a href="http://www.skagafjordur.is">www.skagafjordur.is</a> (laus störf). Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

*Í Varmahlíðarskóla eru um 100 nemendur í 1.-10. bekk. Flestir nemendur skólans koma úr Varmahlíð og drefibýli í framanverðum Skagafirði. Varmahlíðarskóli leggur áherslu á faglegt og fjölbreytt starf. Nám er kjarni skólastarfsins og efling náms er meginviðfangsefni allra starfsmanna. Varmahlíðarskóli starfar sem heilsueflandi grunnskóli og leggur áherslu á velferð, hreyfingu og heilbrigða lífshætti. Skólinn starfar í anda Olweusaráætlunarinnar gegn einelti, hefur tileinkað sér aðferðir byrjendalæsis og markvissa notkun upplýsingatækni. Í verkgreinakennslu er áhersla lögð á endurnýtingu.*